

KJARASAMNINGUR
milli
Landsvirkjunar
og
Rafiðnaðarsambands Íslands

1.gr.

Síðasti gildandi kjarasamningur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008.

2.gr

Á gildistíma samnings þessa breytast launataxtar kjarasamnings sem hér segir:

Við gildistöku	5,5%
1. mars 2009	3,5%
1. janúar 2010	kr. 11.000

7. þrep í launatöflu breytist þannig að í stað 45 ára lífaldurs komi 7 ára starfsaldur hjá Landsvirkjun.

3.gr

Desember- og orlofsuppbætur fyrir fullt starf verða sem hér segir:

Desemberuppbót:

Árið 2009 kr. 77.500
Árið 2010 kr. 79.400

Orlofsuppbót:

Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2009 kr. 77.500
Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2010 kr. 79.400

4.gr

Frá gildistöku samningsins greiðir Landsvirkjun 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

5. gr.

Ákvæði um veikindi barna hljóði svo:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá Landsvirkjun er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fösturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

6. gr.

Framlenging samnings

Komi til þess að forsendunefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar um framlengingu kjarasamninga í byrjun febrúar 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamningum skal sama gilda um þennan samning.

JAA
EP
B.M.J.


JA

M


Komist forsendunefndin að þeirri niðurstöðu að forsendur hafi ekki staðist og nái ekki samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum febrúar 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, eða framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

Reykjavík, 2. desember 2008

F.h. Landsvirkjunar


Pjetur Arnarson
Helgi Pálsson
Barni M. Jónsson

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Jón Gunnarsson
Haukur Þorgeirsson
Sinnor Halldórsson
Hilfu Tomarsson

Bókun 1 með kjarasamningi Landsvirkjunar og RSÍ dags 2. des. 2008

Aðilar samningsins eru sammála um að taka ákvæði samningsins um slysatryggingar til endurskoðunar.

Bókun 2 með kjarasamningi Landsvirkjunar og RSÍ dags 2. des. 2008

Starfsmenn fá greiddar kr. 20.000 í eingreiðslu við gildistöku samningsins

JMA
EP
BVG.

RSÍ
JPP